

Áfangalýsing MYNL2BT05

Undanfari MYNL2AT05

Viðfang áfangans er teikning með ýmsum aðferðum og verkfærum bæði eftir fyrirmyndum og í frjálsri sköpun. Áhöld eru blýantar, blý, pennar, blek, kol og fleira.

Mætingarskylda er í alla tíma.

Helstu þættir eru:

- Almenn teikning, teikniæfingar og þjálfun.
- Línur í öllum sínum fjölbreytileika, karakter og lögun.
- Form, bæði ólífræn grunnform og lífræn form úr náttúrunni.
- Skygging með mismunandi áhöldum og áferðum. Samspil ljóss og skugga. Tvídd og þrívídd.
- Fantasúteikning, dýr, plöntur eða uppspunnir karakterar.
- Munstur og madölur.
- Tilraunir með stuttar myndasögur.
- Lokaverkefni að eigin vali.

Samvinnuverkefni og kynningar:

- Hvernig vinna aðrir listamenn?
- Hvaða teikniforrit er gott að nota?
- Annað upplýsandi frá nemendum...

Áhöld sem nemendur þurfa að eiga og koma með í tíma eru:

- ✓ 5 – 10 blýantar á bilinu 2H til 8B.
- ✓ Pennasett með a.m.k. 4 mismunandi oddum (0,05 – 0,5).
- ✓ Strokleður bæði venjulegt og hnoðleður.
- ✓ Skissubók A4. Þetta þarf að vera skissubók þar sem blöðin eiga ekki á hættu að detta úr við minnsta hnask. Innbundin eða gormabók hentar vel. Þetta þarf ekki að vera dýr bók.

Ferilbók/skissubók:

Stærri skissubókin er ferilbókin ykkar. Þar vinnið þið prufur, skissur og tilraunir. Setjið inn minnisþunkta, þróið hugmyndir, límið inn kveikjur, teikningar eða myndir og skrifið um það sem þið viljið rannsaka betur. Þarf að vinnast jafnt og þétt yfir önnina. Æfingin skapar meistarann og á mjög vel við hér og er kjarninn í því að verða góður teiknari. **Vikuleg verkefni verða lögð fyrir sem vinna á í skissubók og sýna kennara.**

Heimavinna :

Fyrir utan frjálsa vinnu ykkar í vinnubókina, sem gert er ráð fyrir að vinnist jafnt og þétt, verða lögð fyrir heimaverkefni. Auk þess getur verið að heimavinnan felist í frágangi verkefna sem hefjast í kennslustund.

Námsmat:

Ástundun, vinna í kennslustundum og kynning á listamanni, ferilbók/skissubók/heimaverkefni, Lokaverkefni.